| Nóvember | 170 | 48 | 25 | 39 | 43 | 61 | 45 | 42 | 0 | 473 | 0,5 |

**Skýringar:**

1) Til Reykjavíkursvæðisins teljast auk Reykjavíkur, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðahreppur, Hafnarfjörður og Mosfellshreppur, en aðrir staðir á Reykjanesi eru taldir til Reykjaness.

2) Drangsnes og Hólmavík eru hér talin til Norðurlands vestra.

Heimild: Félagsmálaráðuneytið.

## Mánaðarupphæðir nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga og kaupmáttur þeirra 1964 - 1975.

Í sambandi við kjarasamninga eru oft fleiri mál til meðferðar heldur en þau, sem samið er um milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaga. Þannig eru mörg mál, er beint snerta ríkisvaldið. Eitt þeirra er lífeyristryggingabætur almannatrygginga.

Hér á eftir eru 4 töflur og 2 myndir, sem sýna þróun nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga 1964 - 1975. Áformað er að halda áfram að birta slík yfirlit hér í fréttabréfinu.

Tafla 5.1 sýnir ársfjórðungs- og ársmeðaltöl fyrir: 1) almennan elli- og örorkulífeyri 2) þær lágmarkstekjur, sem elli- og örorkulífeyrisþegum eru tryggðar 3) barnalífeyri á hvert barn og 4) mæðralaun m. v. 3 börn o. fl. Athygli skal vakin á því, að hér er um mánaðarupphæðir að ræða. Þannig var elli- og örorkulífeyrir 2.060,46 kr. að meðaltali á mánuði árið 1964 fyrir einstakling, sem var 67 ára við upphaf töku lífeyris og 16.139 kr. að meðaltali á 3. ársfjórðungi 1975. Tekjutrygging í sambandi við elli- og örorkulífeyri var tekin upp 1. ágúst 1971. Þannig er tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum tryggðar vissar lágmarkstekjur.

Í töflu 5.2 eru sýndar vísitölur fyrir mánaðarupphæðirnar, sem sýndar eru í töflu 5.1. Eru vísitölurnar settar 100 1971. Á töflunni sést, að almennur elli- og örorkulífeyrir hefur hækkað um 204% frá 1971 til 3. ársfjórðungs 1975 og þær lágmarkstekjur, sem umræddum hópum eru tryggðar hafa hækkað um 406%. Barnalífeyrir hefur hins vegar hækkað um 229,4% og mæðralaun um 204% á sama tímabili.

Í töflu 5.3 er sýndur kaupmáttur tryggingabótanna m. v. vísitölu framfærslukostnaðar og í töflu 5.4 er sýndur kaupmáttur þeirra m. v. vísitölu vöru og þjónustu. Eðlilegra er að miða kaupmátt ellilífeyris við vísitölu vöru og þjónustu heldur en við vísitölu framfærslukostnaðar þar sem tekið er

tillit til barnabóta (áður fjölskyldubóta) í vísitölu framfærslukostnaðar en það er ekki gert í vísitölu vöru og þjónustu.

Af töflum 5.3 og 5.4 og línuriti 5.1, 5.2, 5.3 og 5.4 má glögglega sjá, að kaupmáttur tryggingabótanna hefur aukist á árunum 1964 - 1967, en síðan minnkað á árunum 1968 og 1969 en aftur farið að aukast 1970 og náð hámarki 1972. Síðan hefur kaupmátturinn farið rýrnandi eða staðið í stað, ef frá er talinn 2. ársfjórðungur 1974, en þá nær kaupmáttur tryggingabótanna hámarki á öllu því tímabili, sem hér er til umræðu. Kaupmáttur almenns elli- og örorkulífeyris, barnalífeyris og mæðralauna er svipaður á 3. ársfjórðungi 1975 og að meðaltali árið 1971, en kaupmáttur lágmarkstekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisbóta hefur haldist betur, og var á 3. ársfjórðungi 1975 svipaður og hann hefur verið að meðaltali 3 undangengin ár. Ástæðan fyrir því, að kaupmáttur þeirra lágmarkstekna, sem elli- og örorkulífeyrisþegum eru tryggðar hefur haldist betur á síðustu mánuðum, en kaupmáttur almenns lífeyris er sú, að almennur lífeyrir hefur hækkað í hlutfalli við almennar kauptaxtabreytingar, en tekjutrygging í svipuðu hlutfalli og lægstu kauptaxtar. Þar sem sama krónutala hefur komið á alla kauptaxta í síðustu kjarasamningum hefur það þýtt, að lægstu kauptaxtar hafa hlutfallslega hækkað mest.

Tafla 5.1 Ársfjórðungs- og ársmeðaltöl fyrir mánaðarupphæðir nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga 1964 - 1975.

kr.

| | Elli-/örorkulífeyrir 1) | Elli-/örorkulífeyrir að viðbættri tekjutrygg.2) | Barnalífeyrir á hvert barn | Mæðralaun m.v. 3 börn o. fl. |
|---|---|---|---|---|
| | (1) | (2) | (3) | (4) |
| 1964 | 2.060,46 | | 925,75 | 2.010,20 |
| 1965 | 2.283,25 | | 1.001,43 | 2.174,53 |
| 1966 | 2.641,66 | | 1.158,62 | 2.515,87 |
| 1967 | 2.794,68 | | 1.225,72 | 2.661,64 |
| 1968 | 3.065,50 | | 1.344,50 | 2.919,58 |
| 1969 | 3.587,00 | | 1.573,00 | 3.416,00 |
| 1970 | 4.151,50 | | 1.820,50 | 3.953,50 |
| 1971 | 5.308,33 | 5.775,00 | 2.507,33 | 5.055,75 |
| 1972 | | | | |
| 1. ársfj. | 6.468,00 | 10.000,00 | 3.310,00 | 6.160,00 |
| 2. " | 6.468,00 | 10.000,00 | 3.310,00 | 6.160,00 |
| 3. " | 7.244,00 | 11.200,00 | 3.707,00 | 6.900,00 |
| 4. " | 7.244,00 | 11.200,00 | 3.707,00 | 6.900,00 |
| Ársmeðaltal | 6.856,00 | 10.600,00 | 3.508,50 | 6.530,00 |
| 1973 | | | | |
| 1. ársfj. | 7.244,00 | 11.200,00 | 3.707,00 | 6.900,00 |
| 2. " | 8.113,00 | 12.544,00 | 4.152,00 | 7.728,00 |
| 3. " | 8.535,00 | 13.196,00 | 4.368,00 | 8.128,00 |
| 4. " | 9.133,00 | 14.120,00 | 4.674,00 | 8.698,00 |
| Ársmeðaltal | 8.256,25 | 12.765,00 | 4.225,25 | 7.863,50 |
| 1974 | | | | |
| 1. ársfj. | 9.772,00 | 15.108,00 | 5.001,00 | 9.307,00 |
| 2. " | 12.215,00 | 18.886,00 | 6.251,00 | 11.633,00 |
| 3. " | 12.215,00 | 18.886,00 | 6.251,00 | 11.633,00 |
| 4. " | 13.079,67 | 20.983,00 | 6.693,33 | 12.456,33 |
| Ársmeðaltal | 11.820,42 | 18.465,75 | 6.049,08 | 11.257,33 |
| 1975 | | | | |
| 1. ársfj. | 13.339,00 | 21.399,00 | 6.826,00 | 12.703,00 |
| 2. " | 14.540,00 | 26.300,00 | 7.440,00 | 13.846,00 |
| 3. " | 16.139,00 | 29.223,00 | 8.259,00 | 15.369,00 |

1) Hér er um að ræða einstaklingslífeyri miðað við 67 ára aldur við upphaf töku lífeyris.

2) Þ. e. þær lágmarkstekjur, sem elli- og örorkulífeyrisþegum eru tryggðar.

Heimild: Hagtíðindi, september 1975.

Tafla 5.2 Vísitölur fyrir ársfjórðungs- og ársmeðaltöl nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga 1964 - 1975.

1971 = 100.

| | Elli-/örorku-lífeyrir | Elli-/örorku lífeyrir að viðbættri tekjutrygg. | Barna líf-eyrir | Mæðra-laun m.v. 3 börn o. fl. |
|---|---|---|---|---|
| 1964 | 38,8 | | 36,9 | 39,8 |
| 1965 | 43,0 | | 39,9 | 43,0 |
| 1966 | 49,8 | | 46,2 | 49,8 |
| 1967 | 52,7 | | 48,9 | 52,7 |
| 1968 | 57,8 | | 53,6 | 57,8 |
| 1969 | 67,6 | | 62,7 | 67,6 |
| 1970 | 78,2 | | 72,6 | 78,2 |
| 1971 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| 1972 | | | | |
| 1. ársfj. | 121,8 | 173,2 | 132,0 | 121,8 |
| 2. " | 121,8 | 173,2 | 132,0 | 121,8 |
| 3. " | 136,5 | 193,9 | 147,8 | 136,5 |
| 4. " | 136,5 | 193,9 | 147,8 | 136,5 |
| Ársmeðaltal | 129,2 | 183,5 | 139,9 | 129,2 |
| 1973 | | | | |
| 1. ársfj. | 136,5 | 193,9 | 147,8 | 136,5 |
| 2. " | 152,8 | 217,2 | 165,6 | 152,9 |
| 3. " | 160,8 | 228,5 | 174,2 | 160,8 |
| 4. " | 172,1 | 244,5 | 186,4 | 172,0 |
| Ársmeðaltal | 155,5 | 221,0 | 168,5 | 155,5 |
| 1974 | | | | |
| 1. ársfj. | 184,1 | 261,6 | 199,5 | 184,1 |
| 2. " | 230,1 | 327,0 | 249,3 | 230,1 |
| 3. " | 230,1 | 327,0 | 249,3 | 230,1 |
| 4. " | 246,4 | 363,3 | 267,0 | 246,4 |
| Ársmeðaltal | 222,7 | 319,8 | 241,3 | 222,7 |
| 1975 | | | | |
| 1. ársfj. | 251,3 | 370,5 | 272,2 | 251,3 |
| 2. " | 273,9 | 455,4 | 296,7 | 273,9 |
| 3. " | 304,0 | 506,0 | 329,4 | 304,0 |

Tafla 5.3 Ársfjórðungs- og ársmeðaltöl fyrir vísitölur kaupmáttar nokkurra lífeyristrygginga-bóta almannatrygginga 1964 - 1975.

M. v. vísitölu framfærslukostnaðar.
1971 = 100.

| | Elli-/örorku-lífeyrir | Elli-/örorku-lífeyrir að viðbættri tekjutrygg. | Barna-líf-eyrir | Mæðra-laun m.v. 3 börn o. fl. |
|---|---|---|---|---|
| 1964 | 80,8 | | 76,9 | 82,9 |
| 1965 | 83,5 | | 77,5 | 83,5 |
| 1966 | 87,4 | | 81,0 | 87,4 |
| 1967 | 89,5 | | 83,0 | 89,5 |
| 1968 | 84,6 | | 78,5 | 84,6 |
| 1969 | 81,4 | | 75,5 | 81,4 |
| 1970 | 83,2 | | 77,2 | 83,2 |
| 1971 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| 1972 | | | | |
| 1. ársfj. | 117,7 | 167,3 | 127,5 | 117,7 |
| 2. " | 109,6 | 155,9 | 118,8 | 109,6 |
| 3. " | 120,5 | 171,1 | 130,5 | 120,5 |
| 4. " | 119,8 | 170,2 | 129,8 | 119,8 |
| Ársmeðaltal | 117,1 | 166,4 | 126,8 | 117,1 |
| 1973 | | | | |
| 1. ársfj. | 112,3 | 159,5 | 121,5 | 112,3 |
| 2. " | 116,4 | 165,4 | 126,1 | 116,4 |
| 3. " | 116,8 | 165,9 | 126,5 | 116,8 |
| 4. " | 115,6 | 164,2 | 125,2 | 115,5 |
| Ársmeðaltal | 115,4 | 164,0 | 125,0 | 115,4 |
| 1974 | | | | |
| 1. ársfj. | 111,8 | 158,9 | 121,2 | 111,8 |
| 2. " | 124,6 | 177,0 | 135,0 | 124,6 |
| 3. " | 116,3 | 165,3 | 126,0 | 116,3 |
| 4. " | 110,7 | 163,3 | 120,0 | 110,7 |
| Ársmeðaltal | 115,5 | 165,9 | 125,2 | 115,5 |
| 1975 | | | | |
| 1. ársfj. | 100,4 | 148,1 | 108,8 | 100,4 |
| 2. " | 98,0 | 162,9 | 106,1 | 98,0 |
| 3. " | 101,1 | 168,3 | 109,5 | 101,1 |

Tafla 5.4 Ársfjórðungs- og ársmeðaltöl fyrir vísitölur kaupmáttar nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga 1964 - 1975.

M. v. vísitölu vöru og þjónustu.

1971 = 100.

| | Elli-/örorkulífeyrir | Elli-/örorkulífeyrir að viðbættri tekjutrygg. | Barnalífeyrir | Mæðralaun m.v. 3 börn o. fl. |
|---|---|---|---|---|
| 1964 | 85,8 | | 81,6 | 88,1 |
| 1965 | 88,7 | | 82,3 | 88,7 |
| 1966 | 90,9 | | 84,3 | 90,9 |
| 1967 | 93,1 | | 86,4 | 93,1 |
| 1968 | 88,0 | | 81,6 | 88,0 |
| 1969 | 82,9 | | 76,9 | 82,9 |
| 1970 | 83,9 | | 77,9 | 83,9 |
| 1971 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| 1972 | | | | |
| 1. ársfj. | 113,5 | 161,4 | 123,0 | 113,5 |
| 2. " | 106,1 | 150,9 | 115,0 | 106,1 |
| 3. " | 116,6 | 165,6 | 126,2 | 116,6 |
| 4. " | 115,1 | 163,5 | 124,6 | 115,1 |
| Ársmeðaltal | 112,9 | 160,4 | 122,3 | 112,9 |
| 1973 | | | | |
| 1. ársfj. | 106,7 | 151,6 | 115,6 | 106,7 |
| 2. " | 109,1 | 155,1 | 118,3 | 109,2 |
| 3. " | 110,0 | 156,3 | 119,2 | 110,0 |
| 4. " | 109,8 | 156,0 | 119,0 | 109,8 |
| Ársmeðaltal | 109,0 | 154,9 | 118,1 | 109,0 |
| 1974 | | | | |
| 1. ársfj. | 105,6 | 150,0 | 114,4 | 105,6 |
| 2. " | 118,1 | 167,8 | 127,9 | 118,1 |
| 3. " | 111,9 | 159,0 | 121,2 | 111,9 |
| 4. " | 104,1 | 153,6 | 112,9 | 104,1 |
| Ársmeðaltal | 109,8 | 157,7 | 119,0 | 109,8 |
| 1975 | | | | |
| 1. ársfj. | 95,7 | 141,1 | 103,7 | 95,7 |
| 2. " | 93,2 | 154,9 | 100,9 | 93,2 |
| 3. " | 94,8 | 157,8 | 102,7 | 94,8 |

Ársfjórðungsmeðaltöl fyrir vísitölur kaupmáttar nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga 1972 - 1975.

M. v. vísitölu framfærslukostnaðar

1971 = 100

Línurit 5.1



Ársfjórðungsmeðaltöl fyrir vísitölur kaupmáttar nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga 1972 - 1975.

M. v. vísitölu vöru og þjónustu
1971 = 100

Línurit 5.2



Kaupmáttur nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga 1964 - 1975.

M. v. vísitölu framfærslukostn.
1971 = 100

Línurit 5.3



Kaupmáttur nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga 1964 - 1975.

M. v. vísitölu vöru og þjónustu.

1971 = 100

Línurit 5.4



## Meðal brúttótekjur kvæntra karla skv. skattframtölum 1962 - 1974.

Hér á eftir fer yfirlit um meðalbrúttótekjur kvæntra karla úr níu starfsstéttum á árunum 1962 - 1973. Upplýsingar þar að lútandi eru fengnar úr Hagtíðindum 1964 - 1974 og eru byggðar á fram töldum tekjum eins og þær eru ákvarðaðar af skattstjóra.

Með brúttótekjum er hér átt við tekjur samkv. III kafla persónuframtals án nokkurs frádráttar. Fram til 1967 taka tölurnar aðeins til kvæntra karla á aldrinum 25 - 66 ára, en eftir það ná þær til allra kvæntra karla á landinu. Tekjur eiginkvenna og barna eru yfirleitt færðar á framtal karlmannsins, þar sem mjög fáar eiginkonur telja sér í hag að nota heimild til að telja fram sjálfstætt. Má því ætla að eftirfarandi upplýsingar gefi góða mynd af meðalbrúttótekjum heimilanna á hverjum tíma. Um frekari skýringar vísast til Hagtíðinda, októberhefti 1975.

Tafla 6.1 sýnir þróunina frá 1972 - 1974. Brúttótekjur þeirra níu starfshópa, sem hér um ræðir hækkuðu um 33,5% frá 1972 til 1973 og 46,3% 1973 til 1974. Þessir níu starfshópar töldu á árinu 1974 alls 14721 kvænta karla eða 35% allra kvæntra karla á landinu. Þar af voru faglærðir og iðnnemar 5656, ófaglærðir 5618 og verslunar- og skrifstofumenn 3447. Miðað við árið á undan þá hefur faglærðum fjölgað um 2,6%, ófaglærðum fækkað um 0,4% og verslunar- og skrifstofumönnum fjölgað um 9%. Í heild er fjölgunin í þessum starfshópum 1,0%.

Tafla 6.2 sýnir þróun peningatekna umræddra starfsstétta frá 1962 til 1974 og tafla 6,3 sýnir vísitölur fyrir sömu stærðir. Sjá má af töflu 6,3 að meðalbrúttópeningatekjur allra kvæntra karla hafa hækkað um 758% á tímabilinu frá 1963 til 1974. Mest hafa hækkað tekjur faglærðra við byggingastörf eða um 794%, ófaglærðra við byggingastörf um 791% og tekjur skrifstofufólks (sem starfar ekki í verslunum né hjá opinberum aðilum) um 788%. Minnst hafa hækkað tekjur ófaglærðra við iðnaðarframleiðslu 705%, ófaglærðir við fiskvinnslu

707%, ófaglærðir við flutningastörf (bifreiðastjórar eru ekki í þessum hópi) 741% og ófaglærðir aðrir um 743%. Allar þessar tölur miðast við tímabilið 1963 til 1974.

Á töflu 6.4 má sjá meðalbrúttótekjur þriggja starfshópa. Samkvæmt þessum tölum voru tekjur faglærðra og iðnnema 19,6% hærri en tekjur ófaglærðra og tekjur verslunar- og skrifstofufólks 12,9% hærri en tekjur ófaglærðra árið 1974. 1973 voru tekjur faglærðra og iðnnema 18,0% hærri en tekjur ófaglærðra og tekjur verslunar- og skrifstofufólks 13,5% hærri en tekjur ófaglærðra. 1963 voru sambærilegar hlutfallstölur 12,1% og 6,4%.

Tafla 6.5 sýnir vísitölur fyrir meðalbrúttótekjur sömu hópa og í töflu 6.4 Frá 1963 til 1974 hafa brúttótekjur faglærðra og iðnnema hækkað mest eða um 780%, brúttótekjur verslunar- og skrifstofufólks um 775% og ófaglærðra um 725%. Rétt er að leggja áherslu á, að tölur um laun verslunar- og skrifstofufólks í þessum töflum gefa ekki jafn rétta mynd af kjörum verslunar- og skrifstofufólks í heild, og samsvarandi tölur fyrir aðra starfshópa. Ástæðan fyrir því er sú, að meiri hluti verslunar- og skrifstofufólks er kvenfólk, sem vinnur yfirleitt störf, sem ekki eru eins vel borguð og þau störf, er karlmenn gegna.

Töflur 6.6 og 6.7 sýna kaupmátt umræddra meðalbrúttótekna. Samkvæmt þeim hefur kaupmáttur meðalbrúttótekna allra kvæntra karla aukist um 81% á tímabilinu frá 1963 til 1974, ef miðað er við vísitölu framfærslukostnaðar, en um 62%, ef miðað er við vísitölu vöru og þjónustu fyrir sama tímabil. Kaupmáttur brúttótekna allra kvæntra karla jókst um 25 - 28% 1963 til 1966 en minnkaði síðan á árunum 1967 til 1969 og var 1969 svipaður og 1963. Frá þeim tíma hefur verið um samfellda aukningu að ræða. Kaupmáttur meðalbrúttótekna faglærðra hefur aukist um 3,1% frá 1973 til 1974, ófaglærðra um 1,7% og verslunar og skrifstofufólks um 1,2% fyrir sama tímabil miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Sé hins vegar miðað við vísitölu vöru og þjónustu þá hefur kaupmáttur meðalbrúttótekna faglærðra aukist um 3,7%, ófaglærðra um 2,3% og verslunar- og skrifstofufólks um 1,8% frá 1973 - 1974.

Tafla 6.1 Meðalbrúttótekjur kvæntra karla eftir samandregnum starfsstéttum 1972 - 1974.

þús. kr.

| | 1972 | 1973 | Breyting f.f. ári % | 1974 | Breyting f.f. ári % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Faglærðir, iðnnemar o.þ.h. við byggingarstörf og aðrar verklegar framkvæmdir. | 716 | 948 | 32,4 | 1.394 | 47,0 |
| 2. Faglærðir, iðnnemar o.þ.h. við önnur störf. | 695 | 931 | 34,0 | 1.373 | 47,5 |
| 3. Ófaglærðir v/byggingarstörf og aðrar verklegar framkvæmdir. | 628 | 848 | 35,0 | 1.229 | 44,9 |
| 4. Ófaglærðir v/fiskvinnslu. | 574 | 776 | 35,2 | 1.130 | 45,6 |
| 5. Ófaglærðir v/iðnaðarframleiðslu. | 578 | 769 | 33,0 | 1.111 | 44,5 |
| 6. Ófaglærðir v/flutningastörf (þar með t.d. hafnarverkamenn). | 637 | 852 | 33,8 | 1.286 | 50,9 |
| 7. Ófaglærðir aðrir. | 576 | 749 | 30,0 | 1.088 | 45,3 |
| 8. Skrifstofu- og afgreiðslufólk hjá verslunum o.þ.h. (ekki yfirmenn). | 664 | 881 | 32,7 | 1.276 | 44,8 |
| 9. Skrifstofufólk og hliðstætt starfslið hjá öðrum (þó ekki opinberum aðilum). | 714 | 942 | 31,9 | 1.367 | 45,1 |
| 10. Vegið meðaltal (1-9) | 654 | 873 | 33,5 | 1.277 | 46,3 |
| 11. Allir kvæntir karlar. | 696 | 944 | 35,6 | 1.372 | 45,3 |

Heimild: Hagtíðindi 1973 - 1975.

Tafla 6.2

Meðalbrúttótekjur kvæntra karla eftir samandregnum starfsstéttum 1962-1974.

þús. kr.

| | 1962 | 1963 | 1964 | 1965 | 1966 | 1967 | 1968 | 1969 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Faglærðir, iðnnemar o.þ.h. við byggingarstörf og aðrar verklegar framkvæmdir. | 126 | 156 | 199 | 245 | 300 | 297 | 299 | 332 | 436 | 570 | 716 | 948 | 1394 |
| 2. Faglærðir, iðnnemar o.þ.h. við önnur störf. | 127 | 158 | 198 | 236 | 286 | 288 | 301 | 344 | 441 | 552 | 695 | 931 | 1373 |
| 3. Ófaglærðir v/byggingarstörf og aðrar verklegar framkvæmdir. | 111 | 138 | 179 | 213 | 251 | 261 | 266 | 297 | 384 | 487 | 628 | 848 | 1229 |
| 4. Ófaglærðir v/fiskvinnslu. | 116 | 140 | 174 | 211 | 246 | 233 | 233 | 284 | 361 | 445 | 574 | 776 | 1130 |
| 5. Ófaglærðir v/iðnaðarframleiðslu. | 114 | 138 | 172 | 202 | 239 | 244 | 255 | 290 | 368 | 453 | 578 | 769 | 1111 |
| 6. Ófaglærðir v/flutningastörf (þar með t.d.hafnarverkamenn). | 122 | 153 | 184 | 214 | 255 | 263 | 278 | 312 | 392 | 483 | 637 | 852 | 1286 |
| 7. Ófaglærðir aðrir. | 103 | 129 | 165 | 191 | 235 | 236 | 252 | 278 | 350 | 448 | 576 | 749 | 1088 |
| 8. Skrifstofu- og afgreiðslufólk hjá verslunum o.þ.h. (þó ekki yfirmenn). | 119 | 147 | 186 | 222 | 263 | 277 | 293 | 327 | 414 | 511 | 664 | 881 | 1276 |
| 9. Skrifstofufólk og hliðstætt starfslið hjá öðrum (þó ekki opinb. aðilum). | 122 | 154 | 195 | 232 | 283 | 298 | 309 | 351 | 453 | 550 | 714 | 942 | 1367 |
| Vegið meðaltal (1-9) | 120 | 148 | 186 | 222 | 267 | 270 | 280 | 318 | 407 | 511 | 654 | 873 | 1277 |
| Allir kvæntir karlar 1) | 131 | 160 | 204 | 248 | 289 | 283 | 297 | 338 | 431 | 548 | 696 | 944 | 1372 |

1) Fram að 1967 einungis kvæntir karlar á aldrinum 25 - 66 ára.

Heimild: Hagtíðindi 1964 - 1975.

Vísitölur fyrir meðalbrúttótekjur kvæntra karla eftir samandregnum starfsstéttum 1962 - 1974.

Tafla 6.3

1963 = 100

| | 1962 | 1963 | 1964 | 1965 | 1966 | 1967 | 1968 | 1969 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Faglærðir, iðnnemar o.þ.h. við byggingarstörf og aðrar verklegar framkvæmdir. | 81 | 100 | 128 | 157 | 192 | 190 | 192 | 213 | 280 | 365 | 459 | 608 | 894 |
| 2. Faglærðir, iðnnemar o.þ.h. við önnur störf. | 80 | 100 | 125 | 149 | 181 | 182 | 191 | 218 | 279 | 349 | 440 | 589 | 869 |
| 3. Ófaglærðir v/byggingarstörf og aðrar verklegar framkvæmdir. | 80 | 100 | 130 | 154 | 182 | 189 | 193 | 215 | 278 | 353 | 455 | 614 | 891 |
| 4. Ófaglærðir v/fiskvinnslu. | 83 | 100 | 124 | 151 | 176 | 166 | 166 | 203 | 258 | 318 | 410 | 554 | 807 |
| 5. Ófaglærðir v/iðnaðarframleiðslu. | 83 | 100 | 125 | 146 | 173 | 177 | 185 | 210 | 267 | 328 | 419 | 557 | 805 |
| 6. Ófaglærðir v/flutningastörf (þar með t. d. hafnarverkamenn). | 80 | 100 | 120 | 140 | 167 | 172 | 182 | 204 | 256 | 316 | 416 | 557 | 841 |
| 7. Ófaglærðir aðrir. | 80 | 100 | 128 | 148 | 182 | 183 | 195 | 216 | 271 | 347 | 447 | 581 | 843 |
| 8. Skrifstofu- og afgreiðslufólk hjá verslunum o.þ.h. (ekki yfirmenn). | 81 | 100 | 127 | 151 | 179 | 188 | 199 | 222 | 282 | 348 | 452 | 599 | 868 |
| 9. Skrifstofufólk og hliðstætt starfslið hjá öðrum (þó ekki opinberum aðilum). | 79 | 100 | 127 | 151 | 184 | 194 | 201 | 228 | 294 | 357 | 464 | 612 | 888 |
| Vegið meðaltal (1-9) | 81 | 100 | 126 | 150 | 180 | 183 | 189 | 215 | 276 | 346 | 442 | 590 | 863 |
| Allir kvæntir karlar | 82 | 100 | 128 | 155 | 181 | 177 | 186 | 211 | 269 | 343 | 435 | 590 | 858 |

**Tafla 6.4** Meðalbrúttótekjur kvæntra karla eftir samandregnum starfsstéttum 1962-1974.

þús. kr.

| | 1962 | 1963 | 1964 | 1965 | 1966 | 1967 | 1968 | 1969 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Faglærðir og iðnnemar (1-2)[1] | 127 | 157 | 198 | 239 | 291 | 291 | 300 | 340 | 439 | 558 | 702 | 937 | 1381 |
| Ófaglærðir (3-7)[1] | 114 | 140 | 175 | 207 | 245 | 246 | 254 | 291 | 370 | 461 | 594 | 794 | 1155 |
| Versl.og skrifstofuf. (8-9)[1] | 120 | 149 | 189 | 225 | 269 | 283 | 298 | 334 | 427 | 524 | 681 | 901 | 1304 |
| Vegið meðaltal | 120 | 148 | 186 | 222 | 267 | 270 | 280 | 318 | 407 | 511 | 654 | 873 | 1277 |

**Tafla 6.5** Vísitölur fyrir meðalbrúttótekjur kvæntra karla eftir samandregnum starfsstéttum 1962 - 1974.

1963 = 100

| | 1962 | 1963 | 1964 | 1965 | 1966 | 1967 | 1968 | 1969 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Faglærðir og iðnnemar (1-2)[1] | 81 | 100 | 126 | 152 | 185 | 185 | 191 | 217 | 280 | 355 | 447 | 597 | 880 |
| Ófaglærðir (3-7)[1] | 81 | 100 | 125 | 148 | 175 | 176 | 181 | 208 | 264 | 329 | 424 | 567 | 825 |
| Versl.og skrifstofuf. (8-9)[1] | 81 | 100 | 127 | 151 | 181 | 190 | 200 | 224 | 287 | 352 | 457 | 605 | 875 |
| Vegið meðaltal | 81 | 100 | 126 | 150 | 180 | 183 | 189 | 215 | 276 | 346 | 442 | 590 | 863 |

1) Tölur í svigum vísa til starfaflokkunar í töflum 6.1, 6.2 og 6.3.

Tafla 6.6

Kaupmáttur meðalbrúttótekna kvæntra karla
eftir samandregnum starfsstéttum 1962-1974.
Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
1963 = 100

| | 1962 | 1963 | 1964 | 1965 | 1966 | 1967 | 1968 | 1969 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | Breyting f.f.ári % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Faglærðir (1-2) [1] | 91 | 100 | 106 | 119 | 131 | 126 | 113 | 105 | 120 | 143 | 164 | 179 | 185 | 3,1 |
| Ófaglærðir (3-7)[1] | 92 | 100 | 105 | 116 | 124 | 121 | 108 | 101 | 114 | 133 | 156 | 171 | 174 | 1,7 |
| Versl.og skrifst.f.(8-9)[1] | 91 | 100 | 106 | 119 | 128 | 130 | 119 | 110 | 124 | 143 | 168 | 182 | 184 | 1,2 |
| Vegið meðaltal | 92 | 100 | 106 | 118 | 128 | 125 | 112 | 105 | 119 | 140 | 162 | 177 | 181 | 2,3 |
| Allir kvæntir karlar | 93 | 100 | 107 | 121 | 128 | 121 | 110 | 103 | 116 | 139 | 160 | 178 | 181 | 1,6 |

Tafla 6.7

Kaupmáttur meðalbrúttótekna kvæntra karla
eftir samandregnum starfsstéttum 1962-1974.
Miðað við vísitölu vöru og þjónustu.
1963 = 100

| | 1962 | 1963 | 1964 | 1965 | 1966 | 1967 | 1968 | 1969 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | Breyting f.f.ári % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Faglærðir (1-2)[1] | 91 | 100 | 105 | 118 | 128 | 124 | 110 | 101 | 114 | 135 | 148 | 158 | 164 | 3,7 |
| Ófaglærðir (3-7)[1] | 92 | 100 | 105 | 116 | 121 | 118 | 105 | 97 | 108 | 125 | 141 | 151 | 155 | 2,3 |
| Versl.og skrifst.f.(8-9)[1] | 91 | 100 | 106 | 118 | 125 | 128 | 116 | 105 | 117 | 134 | 152 | 161 | 164 | 1,8 |
| Vegið meðaltal | 91 | 100 | 105 | 117 | 125 | 122 | 110 | 100 | 112 | 132 | 147 | 157 | 162 | 2,9 |
| Allir kvæntir karlar | 92 | 100 | 107 | 121 | 125 | 118 | 107 | 99 | 110 | 130 | 145 | 158 | 162 | 2,2 |

1) Tölur í svigum vísa til starfaflokkunar í töflum 6.1, 6.2 og 6.3.

## Verkföll og verkbönn.

Í töflu 7.1 er að finna yfirlit um vinnustöðvanir hér á landi frá árinu 1960 og út árið 1975. Í fréttabréfum nr. 14 og 18 eru skráðar ítarlegar skýringar á samsvarandi töflum.

Í fréttabréfi nr. 24 er gerð grein fyrir helstu vinnustöðvunum á fyrri hluta ársins 1974. Seinni hluti ársins var mjög friðsamur, eina verkfallið var verkfall línumanna en það hófst 19. júní og stóð til 10. júlí.

Þegar litið er á árið 1975 er rétt að hafa í huga, að samningar frá 26. febrúar 1974 áttu að gilda í tvö ár en þegar á árinu 1974 var samningum sagt upp vegna gengisbreytinga og frestun á gildistöku kaupgreiðsluvísitölu. Árið 1975 ber merki versnandi lífskjara, samningar voru gerðir til skamms tíma, kjarabætur samdar einkum til handa láglaunafólki, tíð verkföll bæði lögleg og ólögleg þótt tekist hafi að sneiða hjá stórátökum.

Þriðja apríl gerðu starfsmenn Kaupfélagsverksmiðjanna á Selfossi ólöglegt verkfall vegna brottvikningar eins starfsmanns, stóð verkfallið til 22. apríl. Á miðnætti 9. apríl hófst verkfall undirmanna og síðar yfirmanna á skuttogurum yfir 500 tonn og stóð það sleitulaust til 27. júní, höfðu þá allir skuttogarar yfir 500 tonn stöðvast 22 að tölu. Samúðarverkfall vélstjóra á kaupskipaflotanum hófst 14. maí og stóð til 9. júní. Starfsmenn ríkisverksmiðjanna hófu verkfall 12. maí, 29. maí voru gefin út bráðabirgðalög um lausn deilunnar en þeim lögum var ekki hlýtt nema að litlu leyti og verður verkfallið því að teljast ólöglegt eftir 29. maí, verkfallið leystist 6. júní.

Aðildarfélög Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands gerðu með sér kjarasamning án þess að til vinnustöðvana kæmi, sem tók gildi 1. mars en sá samningur átti aðeins að gilda til 1. júní. Alþýðusambandið boðaði verkfall flestra aðildarfélaga sinna frá og með 11. júní, síðan var verkfallsboðuninni frestað um 2 daga. Samningar tókust 13. júní, sama dag hófust verkföll en þeim var aflýst jafnóðum og félögin

höfðu tekið afstöðu til samninganna, verkföll langflestra stóðu því aðeins 1/2 - 1 dag.

Róðrarstöðvun skipverja á fiskiskipaflotanum hófst 22. og 23. október, vildu skipverjar með þessu mótmæla gildistöku nýs fiskverðs svo og mótmæla sjóðakerfi sjávarútvegsins og kröfðust að það yrði lagt niður. Róðrarstöðvunin var fyrirvaralaus og var brot á gildandi kjarasamningum og því ólögmæt. Samkomulag náðist 25. október.

Kennarar í Tækniskólanum hófu ólöglegt verkfall 1. september, sem stóð til 10. september. Kennarar í Flensborg fóru einnig í ólöglegt verkfall dagana 7. október til 10. október.

Athygli vekur hversu mörg ólögleg verkföll verða á árinu 1975. Áður er minnst á ólögleg verkföll starfsfólks í Kaupfélagsverksmiðjunum á Selfossi, starfsfólks ríkisverksmiðja eftir setningu bráðabirgðalaga, heimsigling fiskiskipaflotans og kennaraverkföll í Flensborg og Tækniskólanum. Auk þess teljast eftirfarandi verkföll ólögleg: yfirvinnubann eða "veikindi" flugumferðastjóra frá 3. maí - 13. maí, verkfall flugvirkja 28. júní og 4. júlí og verkfall flugfreyja 3. september en verkföll þeirra stóðu mjög stutt. Þá má nefna vinnustöðvun eða seinagang við vinnu við framkvæmdir á Grundartanga, sem stöfuðu af útborgunartöfum.

Að lokum má nefna kvennafrídaginn 24. október þegar flestar konur á landinu tóku sér frí frá vinnu svo og frí sem margir tóku sér 27. nóvember til þess að mótmæla samningum við Vestur-Þjóðverja í landhelgismálinu. Þessar tvær síðustu aðgerðir hafa ekki verið skoðaðar tölulega og eru því ekki inni í eftirfarandi töflum.

Engin verkbönn voru á árinu.

Verkföll og verkbönn árin 1960 - 1975.

| Tafla 7.1 | Fjöldi vinnu - stöðv-ana | Dagar með vinnu-stöðv. | Fjöldi þátttak-enda | Vinnustöðvunardagar A.S Í Land-fólk | Vinnustöðvunardagar A.S Í Far og fiskims. sjómenn | Vinnustöðvunardagar Aðrir | Vinnustöðvunardagar Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. |
| 1960 | 3 | 14 | 125 | 580 | 100 | | 680 |
| 1961 | 70 | 214 | 16357 | 249188 | 28289 | 960 | 278437 |
| 1962 | 24 | 171 | 3029 | 19140 | 80490 | 352 | 99982 |
| 1963 | 66 | 153 | 21262 | 205959 | 114 | 700 | 206773 |
| 1964 | 4 | 32 | 1207 | 10441 | | | 10441 |
| 1965 | 66 | 147 | 15727 | 31959 | 51970 | 540 | 84469 |
| 1966 | 23 | 13 | 1866 | 5254 | | | 5254 |
| 1967 | 60 | 87 | 9371 | 14076 | 2475 | 1620 | 18171 |
| 1968 | 67 | 60 | 20083 | 221939 | | | 221939 |
| 1969 | 137 | 86 | 33826 | 100332 | 46540 | 2969 | 149842 |
| 1970 | 65 | 48 | 15705 | 296596 | 7147 | | 303743 |
| 1971 | 7 | 79 | 1790 | 6120 | 26139 | 180 | 32439 |
| 1972 | 5 | 56 | 1100 | 7225 | 4946 | | 12171 |
| 1973 | 5 | 90 | 729 | 4714 | 9678 | | 14392 |
| 1974 | 94 | 63 | 30948 | 89745 | 3917 | | 93662 |
| 1975 | 122 | 86 | 20843 | 21907 | 41369 | 596 | 63872 |

Tapaðir vinnudagar vegna verkfalla
og atvinnuleysis árin 1960 - 1975.

| Tafla 7.2 | Verk-falls-dagar | Þar af atvl. dagar | Tapaðir vinnudagar vegna vinnust. | vegna atvl. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| 1960 | 680 | 1 | 679 | 19284 | 19963 |
| 1961 | 278437 | 835 | 277602 | 20228 | 297830 |
| 1962 | 99982 | 200 | 99782 | 13173 | 112955 |
| 1963 | 206773 | 207 | 206566 | 9970 | 216536 |
| 1964 | 10441 | 21 | 10420 | 14925 | 25345 |
| 1965 | 84469 | 338 | 84131 | 35319 | 119450 |
| 1966 | 5254 | 21 | 5233 | 37088 | 42321 |
| 1967 | 18171 | 127 | 18044 | 73113 | 91157 |
| 1968 | 221939 | 4883 | 217056 | 257516 | 474572 |
| 1969 | 149842 | 7492 | 142350 | 572412 | 714762 |
| 1970 | 303743 | 5771 | 297972 | 267662 | 565634 |
| 1971 | 32439 | 357 | 32082 | 147654 | 179736 |
| 1972 | 12171 | 110 | 12061 | 104568 | 116629 |
| 1973 | 14392 | 72 | 14320 | 59622 | 73942 |
| 1974 | 93662 | 373 | 93289 | 65000 | 158289 |
| 1975 | 63872 | ✕ 383 | 63489 | ✕ 117686 | 181175 |

✕ Áætlaðar tölur.

Tafla 7.2 sýnir fjölda tapaðra vinnudaga, vegna verkfalla og atvinnuleysis árin 1960 - 1975. Þess ber að geta að hér kemur einungis fram vinnutap þeirra, sem taka þátt í verkföllum, en ekki annarra sem það bitnar á, nema það leiði til atvinnuleysis og komi þá fram í þeim dálki. Hér er því fremur um að ræða talningu á töpuðum kaupgreiðsludögum, en vinnutapi þjóðfélagsins. Þó er á þessu sú undantekning, að ef einhver hluti áhafnar skipa fer í verkfall telst öll áhöfnin vera í verkfalli.

Varðandi 4 lið í töflu 7.2, um tapaða vinnudaga vegna atvinnuleysis, vísast til kafla um atvinnuleysi í fréttabréfi nr. 24.

Hlutfallslegt atvinnutap vegna vinnustöðvana og atvinnuleysis árin 1960 - 1975.

| Tafla 7.3 | Mann-afli | Vinnu-dagar | Tapaðir vinnudagar vegna | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | vinnust. % | atvl. % | samt. % |
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| 1960 | 67.774 | 20.467.748 | 0,0 | 0,1 | 0,1 |
| 1961 | 68.604 | 20.718.408 | 1,3 | 0,1 | 1,4 |
| 1962 | 69.902 | 21.110.404 | 0,5 | 0,1 | 0,5 |
| 1963 | 71.204 | 21.503.608 | 1,0 | 0,0 | 1,0 |
| 1964 | 72.577 | 21.918.254 | 0,0 | 0,1 | 0,1 |
| 1965 | 74.088 | 22.374.576 | 0,4 | 0,2 | 0,5 |
| 1966 | 75.599 | 22.830.898 | 0,0 | 0,2 | 0,2 |
| 1967 | 77.075 | 23.276.650 | 0,1 | 0,3 | 0,4 |
| 1968 | 78.700 | 23.767.400 | 0,9 | 1,1 | 2,0 |
| 1969 | 79.500 | 24.009.000 | 0,6 | 2,4 | 3,0 |
| 1970 | 82.272 | 24.846.144 | 1,2 | 1,1 | 2,3 |
| 1971 | 85.564 | 25.840.328 | 0,1 | 0,6 | 0,7 |
| 1972 | 87.339 | 21.895.887 | 0,1 | 0,4 | 0,5 |
| 1973 | 90.530 | 22.695.871 | 0,1 | 0,2 | 0,3 |
| 1974 | 93.000 | 23.315.100 | 0,4 | 0,3 | 0,7 |
| 1975 | * 95.900 | 24.042.213 | 0,3 | 0,5 | 0,8 |

* Áætlaðar tölur.

Tafla 7.3 sýnir samanburð á fjölda tapaðra vinnudaga og heildarfjölda mögulegra vinnudaga alls vinnuafls í landinu. Vinnudagarnir (liður 2 í töflu 7.3) hafa verið fundnir út með því að margfalda mannaflann með 302 (365.237 dagar á árinu ÷ 52.177 sunnudagar og ÷ 11.052 aðrir frídagar = 302.008). Nú er 5 daga vinnuvika ríkjandi, og breytist því margfeldið í 250,7 frá og með árinu 1972 (365.237 dagar á árinu ÷ 104.354 laugardagar og sunnudagar ÷ 10.193 aðrir frídagar = 250.690). Bent skal sérstaklega á þetta atriði í samanburði á milli ára.